



FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

Fundur nr. **4** 2011 - 2012

FUNDARGERÐ

Símafundur var haldinn í framkv.ráði SSA þriðjud. 13. marz 2012. Hófst kl. 10:00.

Þátttakendur: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Einnig Bj. Hafþór Guðmundsson, verkefnastj. SSA, er ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Fundargerðir – m.a. vegna starfsemi á vegum SSA:

- a) Stjórnarfundur SSA 3. feb. 2012.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Samgöngunefnd SSA (SASSA) 8. feb. og 29. feb. 2012.
Fundargerðirnar varða undirbúning við umsagnir SSA vegna samgönguáætlana Alþingis 2011 – 2014 og 2011 – 2022 og frágang þeirra til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis. SBS og BHG mættu á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir umsögnunum. Fóru þeir yfir nokkur atriði vegna umsagnanna. Hið sama gerðu VOH og ASv.
- c) Samstarfsnefnd SSA 2 marz 2012.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Vinnuhópur um innanlandsflug / mikilvægi Reykjavíkflugvallar. Fundargerð 1. fundar frá 14. feb. 2012. Fundur nr. 2 var haldinn 12. marz, en fundargerð liggur ekki fyrir. BHG gerði grein fyrir áformum vinnuhópsins um að halda opið málþing á Egilsstöðum 24. apríl n.k. um málefnið. Unnið verður að því að fá ýmsa hagsmunaaðila til að hafa framsögur á málþinginu. Starfið við undirb. leiðir Hafliði H. Hafliðason hjá ÞFA. Fulltrúar SSA í vinnuhópnum eru Þorsteinn Steinsson og Daníel Björnsson, form. og varaform. SASSA, ásamt BHG.
Fyrir liggur að kostnaður verður nokkur við málþingið, bæði vegna húsnæðis og léttra veitinga, auk þess sem þörf kann að vera á að greiða flugför einhverra þátttakenda. ÞFA mun styrkja verkefnið. BHG óskaði eftir heimild til að staðfesta fjárhagslega aðkomu SSA að málþinginu. Undir liðnum „Ráðstefnur“ í fjárhagsáætlun SSA f. 2012 er afmarkað fjármagn að upph. kr. 400 þús. Framkvæmdaráð SSA heimilar ráðstöfun fjárhæðar allt að kr. 100 þús. í málþingið.
- e) Stjórn Samb. ísl. sveitarfélaga 794. fundur. Fundarg. lögð fram til kynningar.
- f) Stjórn SASS 453. og 454. fundur. Fundarg. lagðar fram til kynningar.
- g) Stjórn Eypings 227. fundur. Fundarg. lögð fram til kynningar.
- h) Stjórn SSVN 14. feb. 2012. Fundarg. lögð fram til kynningar.

2. Drög að ársreikningi o.fl. atriði er varða fjárhag SSA.

Unnið er að því að drög að ársreikningi SSA fyrir árið 2011 liggi fyrir um eða upp úr miðjum marz mánuði, m.a. til að stuðla að því að sem gleggstar fjárhagslegar upplýsingar liggur fyrir vegna aðkomu SSA að verkefninu um AST.

Ljóst er að ýmis verkefni verða fjárfrekari í starfi SSA en undanfarin ár, en á móti kemur að í gegnum sjóði SSA munu renna auknar tekjur á þessu ári, sem eiga að standa undir hinum auknu verkefnum.

3. AST starfið:

- a) Staðan í ráðningarferlinu o.fl.
VOH, SBS og ASv. sitja öll í verkefnisstjórn um AST. Farið var yfir ákveðna þætti málsins m.a. afgreiðslu á ráðningu í auglýst starf framkvæmdastjóra AST. Fram kom að reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir mjög fljótlega.
- b) Kynning á AST verkefninu.
Brýnt er orðið að tryggja umfjöllun og ákvörðun einstakra sveitarstjórna um þátttöku allra sveitarfélaganna á starfssvæði SSA í stað fyrri hugmynda að SSA yrði fyrir þeirra hönd stofnaðili í AST.
Borizt hefur beiðni frá hluta sveitarstjórna um kynningarfundir heima í héraði. Til greina kemur að hafa færri fundir og boða nokkrar sveitarstjórnir á einn stað.
Niðurstaða framkvæmdaráðsins var sú að bjóða upp á kynningarfundir á hverjum stað, en til vara að sveitarstjórnnum stæði til boða að mæta einhvern á neðangreindum fundum; Á Vopnafirði, Egilsstöðum, Fjarðabyggð og Djúpavogi.
Verkefnastjóri AST mun skipuleggja fundina í samr. við fulltrúa SSA í AST.
A.m.k. einn fulltrúa SSA í verkefnisstjórn AST sitji hvern fund fyrir sig. Auk þess er gert ráð fyrir að verkefnisstjóri AST, Stefanía G. Kristinsdóttir og/eða BHG komi eftir atvikum að kynningunum.
BHG tók að sér að óska eftir því við SGK að hún vinni kynningarefni f. fundina og drög að tímaplani vegna kynninganna.

4. Sóknaráætlun / Ísland 20 20

- a) Ekki liggja fyrir minnisþingar vegna fundi í Þjóðmenningarhúsinu frá 23. feb. 2012, en þangað voru m.a. boðaðir fulltrúar LHSS (landshlutasamtaka sveitarfélaga). Gefin var út sérstök fréttatilkynning frá forsætisráðuneytinu 24. feb. (sjá <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/7089>).
- b) Vinnan við undirbúning S 20 20 vegna ársins 2013.
Skv. uppl. Héðins Unnsteinssonar hjá forsætisráðun. er ekki vitað til þess að nein LHSS séu farin formlega í gang með undirbúning sóknaráætlana fyrir næsta / næstu ár. Komið var á laggirnar sérstöku stýrineti innan ráðuneytanna, sem koma að verkefninu. Það mun hittast í fyrsta sinn 19. marz. Sérstakur verkefnisstjóri verður ráðinn og hefur störf 1. apríl. Hann / hún mun í samvinnu við stýrinet og Bygðastofnun aðstoða LH-samtök við gerð sóknaráætlana.
Tveir fulltrúar ráðuneyta (HU og Stefanía Traustadóttir) hafa fundað með framkvæmdaráði sóknaráætlana hjá SASS, þar sem farið var yfir stöðuna. Annar fundur er áformaður í maí. SSA mun geta kallað eftir sambærilegri aðkomu og t.d. SASS.
Ákveðið var að kalla eftir aðstoð hins opinbera við úrvinnslu verkefnisins, þegar verkefnisstjóri S 20 20 hefur hafið störf.

5. Erindi og bréf:

- a) Samband ísl. sveitarfélaga dags. 27. feb. 2012, ásamt bréfi frá Leið ehf. Vísað til stjórnar SSA.
- b) SASS; Bréf til me. & me. rn. 16. feb. 2012; Samnýting skólaaksturs og alm.samgangna. Lagt fram til kynningar.
- c) Fjarðabyggð dags. 15. feb. 2012 varðandi framtíð Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands. Vísað til stjórnar SSA.
- d) Sveitarstjóri Djúpavogshrepps 10. feb. 2012; kostn. minni byggðarlaga v/ bættra háhraðanettenginga. Vísað til stjórnar SSA.
- e) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 27. feb. 2012 varðandi aukna þátttöku sjóðsins í fjármögnun verkefna á vegum LHSS (landshlutasamt. sveitarfélaga). Lagt fram til kynningar.

6. Almenningsamgöngur á Austurlandi.

- a) Framkvæmdaráð SSA staðfestir áður gefna munnlega heimild til handa BHG að fela VSÓ (Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar) að vinna útboð fyrir „sumarlegginn“ EGS / HÖFN / EGS á þessu ári. Gerð var aths. við útreiknaða heildarfjárhæð á grundvelli verðhugmynda VSÓ (með útlögðum kostnaði vegna ferða). BHG falið að fá afslátt á töxtum og/eða leita leiða til að lækka áætl. stundafjölda skv. minnisblaði frá VSÓ. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði fjármagnaður af væntanlegum þróunarstyrk frá Vegagerðinni / ráðuneyti samgöngumála, en til vara að nýttur verði hluti af fjármagni því, sem eyrnamerkur er leiðinni í samningi SSA og Vegagerðarinnar frá 22. des. 2011.
- b) (Al-) útboð v/ Almenningsamgangna á Austurlandi árin 2013 – 2018. Fyrir liggur að útboðsferli vegna árána 2013 – 2018 mun kosta um 2,0 til 2,2 millj. kr. (skv. tilboði VSÓ). Ferlið tekur að lágmarki 32 vikur og því er brýnt að hefjast handa við útboð. Afgreiðslu málsins vísað til stjórnar SSA.

7. Skatttekjur og ríkisútgjöld í Norðausturkjördæmi. (Verkefni á vegum RHA).

Skv. upplýsingum frá RHA er verkefninu ekki lokið og verður því að bíða enn um sinn með kynningu á því á starfssvæði SSA. BHG falið að þrýsta á um að verkefninu ljúki og að kynning fari fram á starfssvæði SSA hið fyrsta.

8. Undirbúningur aðalfundar SSA haustið 2012 (verður haldinn á Borgarf. eystri):

- a) Fyrir liggja hugmyndir um að velja 21. og 22. sept. eða 28. og 29. sept.
- b) Helztu málefni til umfjöllunar á aðalfundinum. Úrvinnslu / ákvarðanatöku vísað til næsta stjórnarfundar.

9. Önnur mál.

- a) Tímasetning næsta stjórnarfundar SSA. Ákveðið að næsti stjórnarfundur SSA verði 26. marz kl. 12:00 á Reyðarfirði.
- b) Hugsanlegur fundur með þingm. NA-kjd. á vordögum. BHG falið að fara yfir málið með 1. þingm. kjd. og kynna hugmyndina samhliða fyrir öllum þingmönnum þess.
- c) Ársfundur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands 15. marz n.k. Fulltrúi SSA á fundinum verður Arnbjörg Sveinsdóttir.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 11:40.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.